



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

JÖKLAR OG LOFTSLAGSBREYTINGAR
HIMALAJASVÆÐIÐ
ALPJÓÐLEG VÍSINDARÁÐSTEFNA Á ÍSLANDI

Á morgun, þriðjudaginn 30. ágúst kl. 09:00, verður sett í Öskju, húsi náttúruvísinda við Háskóla Íslands, alþjóðleg ráðstefna um jökla og loftslagsbreytingar á Himalajasvæðinu. Ráðstefnuna sækja vísindamenn og sérfræðingar frá Kína, Indlandi, Nepal, Pakistan og Tadsjikistan sem og frá háskólum og rannsóknarstofnunum á Íslandi, í Bandaríkjunum, Kanada og nokkrum Evrópulöndum. Hún stendur dagana 30. ágúst til 1. september og henni lýkur með vettvangsferð um jökla og gosstöðvar á Suðurlandi.

Ráðstefnan er haldin í boði Háskóla Íslands og forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar. Þetta er í þriðja sinn sem vísindamenn og sérfræðingar frá Himalajalöndum koma saman til að fjalla um breytingar á jöklum, gróðurfari og vatnsbúskap. Verkefnið hefur hlotið nafnið „Third Pole Environment“ með tilvísan til þess að jöklabreiður Himalajasvæðisins megi kalla þriðja skautið, næst á eftir norðurskautinu og suðurskautinu.

Fyrsta ráðstefnan af þessu tagi var haldin í höfuðborg Kína, Beijing, fyrir tveimur árum, önnur var í Katmandu í Nepal í fyrra og nú kemur sveit fremstu sérfræðinga á þessu sviði saman á Íslandi. Í því felst mikil viðurkenning fyrir íslenskt vísindasamfélag og þær rannsóknir sem íslenskir jöklafræðingar og náttúruvísindamenn hafa stundað á undanförunum áratugum. Einnig er ráðstefnan ánægjulegur viðburður þegar fagnað er aldarafmæli Háskóla Íslands.

Af Íslands hálfu hafa annast undirbúning ráðstefnunnar dr. Helgi Björnsson prófessor við Háskóla Íslands, Þorsteinn Þorsteinsson jöklafræðingur á Veðurstofu Íslands og Dagfinnur Sveinbjörnsson

stjórnmalahagfræðingur. Frumkvöðlar að þessu samstarfi hafa verið dr. Tandong Yao, prófessor og forstöðumaður rannsóknarstofnunar um tíbesku hásléttuna (Institute of Tibetan Plateau Research) í Beijing, dr. Lonnie Thompson prófessor við The Ohio State University í Bandaríkjunum og dr. Volker Mosbrugger prófessor og forstöðumaður Senckenberg stofnunarinnar í Frankfurt í Þýskalandi. Third Pole Environment verkefnið nýtur fulltingis UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Á ráðstefnunni verða flutt erindi um rannsóknir á jöklum, vatnsbúskap, vatnalíffræði, gróðurfari og vistkerfi svæðisins. Loftslags- og umhverfisbreytingar í þessum heimshluta hafa mikil og víðtæk áhrif um veröldina alla. Þróun sem þar á sér stað gefur einnig mikilvægar vísbendingar um það hvers vænta má í loftslagi og umhverfisbreytingum í öðrum heimshlutum. Þá eru rannsóknir á náttúru Himalajasvæðisins einnig afar mikilvægar til skilnings á áhrifum loftslags- og umhverfisbreytinga á þau samfélög sem byggja afkomu sína og lífsviðurværi á vistkerfi svæðisins.

29. ágúst 2011

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Dagfinnur Sveinbjörnsson (896 0465).